



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Vinstri grænna um stýrihóp fyrir aðgerðir á gulum og gráum dögum

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 18. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Vinstri grænna:

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að setja saman stýrihóp sem gerir tillögur til ráðsins um aðgerðir til að bregðast við loftmengun á gulum og gráum dögum. Skal stýrihópurinn skila tillögum sínum fyrir lok febrúarmánaðar og vera í góðu samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar og skrifstofu umhverfisgæða.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 1. febrúar sl.

Umsögn:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar átti í byrjun febrúar fund með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Vegagerðinni, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Umhverfisstofnun þar sem rætt var um mögulegar aðgerðir til að stemma stigu við loftmengun. Rætt var um hvaða aðgerðir er hægt að fara í sem og hvað þarf að breytast í lagaumhverfinu svo hægt sé að fara í fleiri og árangursríkari aðgerðir. En einnig var rætt hversu mikilvægt væri að ná fram viðhorfsbreytingu í samfélaginu til loftmengunar og samábyrgðar okkar allra að draga úr henni. Samtal Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar, með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur hefur haldið áfram og núna síðast var haldinn fundur með fulltrúum allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að skapa grundvöll fyrir sameiginlegum aðgerðum.

Það er afar mikilvægt að farið sé í aðgerðir til að bregðast við loftmengun því eins og sést á mælingum er loftmengun oft á tíðum óviðunandi innan Reykjavíkur. Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar tekur því fagnandi öllum þeim aðgerðum og ábendingum sem stuðla að því að draga úr loftmengun innan borgarinnar.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögnin berst.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavíkurborg